

## Kennsluáætlun

**Haust- og vorönn 2019 - 2020**

**Bekkur:** 2.bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Kennari:** Ásdís Árnadóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir

### Námsefni:

- Ýmsar lestrarbækur sem henta í Byrjendalæsi
- Lestrarlandið 1 og 2
- Skrift 2
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Verkefna-og úrklippubókin
- Stóra sögubókin mín

Auka bækur:

- Ritum saman, græni blýanturinn
- Ritrún 1

### Bækur/efnisþættir:

- **Byrjendalæsi:** Notast verður við kennsluáferðina byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluáferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur.

- **Grunnstoðir Byrjendalæsis**

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
  - Merkingarbær viðfangsefni
  - Nám er félagslegt ferli – samvinna
  - Unnið út frá gæðatexta
  - Einstaklingsmiðun í kennslu
  - Nám án aðgreiningar
  - Samvinna nemenda í námi
- 
- **Lestrarlandið:** Grunnbók í íslensku sem unnið er í samhliða vinnu í Byrjendalæsi.
  - **Ritrún:** Aukabók sem hver vinnur í á sínum hraða.
  - **Skrift:** Æfingabók í skóla með forskrift

**Helstu kennsluáðferðir:** Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum.

**Lestur:** Yfirferð í lestri miðast við getu hvers og eins en stefnt er að því að sem flestir lesi grunnefni vetrarins. Ætlast er til þess að nemendur lesi 5 daga vikunnar heima í 15 mínútur, hægt er að brjóta upp stundina með skriftaræfingum. Hver nemandi les að meðaltali einu sinni í viku í skóla fyrir kennara/stuðningsfulltrúa.

**Námsmat:** Metið jafnóðum hvort markmiðum vikunnar sé náð.